



LANDLÆKNISEMBÆTTID

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

3. árg. 11. tölublað. Nóvember 2009.

EFNI:

NORDCAN – Samnorrænn gagnagrunnur um krabbamein **bls. 1**

Lykiltölur um heilsufar, gæði og árangur í heilbrigðisþjónustunni **bls. 2**

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.
Anna Björg Aradóttir
Matthías Halldórsson
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTID HEILBRIGÐISTÖLFRAÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknr.is
Veffang: www.landlaeknr.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

NORDCAN – SAMNORRÆNN GAGNAGRUNNUR UM KRABBAMEIN


NORDCAN er nafn á glæsilegum samnorrænum gagnagrunni og forritapakka sem er opinn öllum á Netinu. Hann inniheldur ítarlegar upplýsingar um nýgengi, dánartíðni og algengi krabbameina á Norðurlöndum og gefur möguleika á gerð taflna og línurita. Með þessu verkfæri er hægt að svara ýmsum spurningum, t.d. hve margir greinast á ári með tiltekið krabbamein og hve margir deyja árlega úr sama meini. Hægt er að bera saman þróun einstakra meina á 50 ára tímabili fyrir hvert land og milli landa og einnig má skoða niðurstöður eftir aldurshópum. Þá er boðið upp á að meta áhættu tiltekinna krabbameina og fyrir tíðustu meinin er hægt að fá skammtíma- og langtímaspá um nýgengi og dánartíðni á Norðurlöndunum. Áætlað er að bæta við reikni-aðferðum til að fá fram tölfraði um lífshorfur þeirra sem hafa greinst með krabbamein.

NORDCAN er gullnáma tölfraðilegra upplýsinga og gefur bæði fræðimönnum og almenningi tækifæri til að skoða upplýsingar og þróun fyrir 41 mismunandi krabbamein. Gagnasafnið nær til gagna frá krabbameinsskrám sex Norðurlanda (Danmerkur, Færeyja, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar) og er á sex tungumálum, fimm norrænum tungumálum auk ensku.

Rótgróin samvinna

Krabbameinsskrárnar á Norðurlöndum hafa áratugum saman haft samvinnu um ýmis mál er varða skráningu og úrvinnslu gagna. Norrænu skrárnar eru um margt líkar. Þær eru allar gæðaskrár, en í því felst að þær eru samanburðarhæfar og að gögn

(Framhald bls. 2)



Mynd 1. Forsíða vefútgáfu NORDCAN-verkefnisins á íslensku

NORDCAN er gullnáma tölfræðilegra upplýsinga og gefur bæði fræðimönnum og almenningi tækifæri til að skoða upplýsingar og þróun fyrir 41 mismunandi krabbamein.

Lykiltölur eru skilgreindir mælikvarðar sem varpa ljósi á heilsufar, aðgengi, umfang, afköst, gæði, öryggi og árangur í heilbrigðisþjónustu.


Í þessum skráum eru rétt og ná yfir það sem þau eiga að ná. Skrárnar eru lýðgrundaðar, þ.e. ná til heilla þjóða, orðnar yfir 50 ára gamlar og geta fylgt einstaklingum eftir vegna persónuauðkenna

Auk þess er heilbrigðisþjónusta í öllum löndunum svipuð og hefð er fyrir samvinnu landanna á öðrum sviðum. Vegna tíðra fyrirspurna til allra krabbameinsskrána frá sérfræðingum, námsfólki, yfirvöldum og almenningi um krabbamein og samburð milli landanna þótti þörf á að gera tölfræðilegar upplýsingar úr grunnunum aðgengilegar.

Netútgáfa

Fyrstu útgáfunni af NORDCAN var hleypt af stokkunum árið 2002, en sá gagnagrunnur nær aðeins aftur til ársins 1972, er aðeins til á ensku og honum þarf að hlaða niður á einmenningstölvu. Með aukinni netvæðingu var ákveðið að ráðast í núverandi netútgáfu árið 2007, sem er mjög notendavæn, hægt að velja milli ensku og norræna tungumála og þar eru gögnin upp-færð reglulega.

Gögnum úr krabbameinsskrám þjóðanna er varpað í sameiginlegan grunn (ICD-03) til að gera þau sambærileg milli landa og tímabila. Fer sú vinna fram hjá dönsku krabbameinsskránni. Samtök norræna krabbameinsskráa (ANCR – Association of Nordic Cancer Registries) annast undirbúning gagna, en



Mynd 2. Dæmi um línurit þar sem notandi hefur valið að bera Norðurlöndin saman með tilliti til nýgengis sortuæxla í húð hjá konum á aldrinum 15-34 ára.

verkefnið er styrkt af Samtökum norræna krabbameinsfélaga (NCU – Nordic Cancer Union).

NORDCAN gagnagrunninn má finna á vefsetrinu www.ancr.nu og eru upplýsingarnar þar opnar almenningi. Leyfilegt er að nota þær eins og þær koma fyrir en geta skal heimildar og má finna tillögu að tilvitnun á forsiðu (sjá mynd 1).

Elínborg J. Ólafsdóttir
verkfræðingur og deildarstjóri
hjá Krabbameinsskrá Íslands,
fulltrúi í stýrihópi NORDCAN

LYKILTÖLUR UM HEILSUFAR, GÆÐI OG ÁRANGUR Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTUNNI

Til að auðvelda aðgengi að lykiltölum úr íslenskri heilbrigðisþjónustu hefur verið opnuð ný vefsíða á vef Landlæknisembættisins sem ber heitið [Lykiltölur](#). Lykiltölur eru skilgreindir mælikvarðar sem varpa ljósi á heilsufar, aðgengi, umfang, afköst, gæði, öryggi og árangur í heilbrigðisþjónustu. Tölurnar geta verið af margvíslegum toga, svo sem starfsemistölur, árangursmælikvarðar eða heilsu- og [gæðavísar](#), sem má nýta við stefnumótun, áætlunargerð, eftirlit, ákvarðanatöku og til að efla gæði og öryggi og stuðla þannig að umbótum í heilbrigðisþjónustu.

Landlæknisembættið hefur um nokkurt skeið safnað þessum lykiltölum til að sinna því hlutverki sínu að hafa eftirlit með þjónustunni, fylgjast með heilsufari og heilbrigði landsmanna og veita heilbrigðisyfirvöldum ráðgjöf um heilbrigðismál.

Við val á mælikvörðunum eru eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar: Mikilvægi, mælanleiki, áreiðanleiki og réttmæti, samburðarhæfni og möguleiki til að hafa áhrif til umbóta. Auk norrænnar samvinnu í þessu efni styðst Landlæknisembættið við [ECHIM verkefnið](#) sem stutt er af Evrópusambandinu, en tilgangur þess er að velja og skilgreina mælikvarða á heilsufar og heilbrigðisþjónustu sem verði grunnur í reglubundnu eftirliti með heilsufari. Í öðru lagi má nefna [verkefni OECD](#) um gerð og þróun gæðavísa í heilbrigðisþjónustu.

Á nýju vefsíðunni má finna nýjustu lykiltölur fyrir Íslands ásamt völdum erlendum samburði, en gert er ráð fyrir að mælikvörðum fjölgi eftir því sem skráning og úrvinnsla talnaefnis gefur tilefni til.

Sigríður Haraldsdóttir